



ÁLFTANESSKÓLI
– allir eru einstakir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA ÁLFTANESSKÓLA

Skólaárið 2022 – 2023

Foreldrar



Innra mat – foreldrar

Innra mat skólans byggist á því að meta starf vetrarins reglulega yfir skólaárið, hvað varðar skimanir í lestri, samræmd próf, proskapróf o.fl.

Stjórnendur, starfsmenn og skólaráð koma að mati á heildarniðurstöðum skimana í námi nemenda og kannana sem gerðar eru á líðan nemenda og viðhorfum starfsmanna og foreldra og koma með tillögur að úrbótum. Þau gögn sem lögð eru til grundvallar eru t.d.:

- lesfimi
- logos skimunarpróf
- lesskilningspróf (Orðarún)
- niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk
- matsniðurstöður
- viðhorfakannanir
- skólanámskrá
- starfsáætlun Álftanesskóla
- umbótaáætlun
- matsáætlun
- fjárhags- og rekstraráætlun
- skólapúlsinn
- starfsmannaviðtöl

Skólasamfélagið samanstendur af nemendum, starfsmönnum og foreldrum/forráðamönnum. Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra/forráðamenn vorönn 2023 en fyrir starfsmenn vor 2022. Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra og kennara annað hvert ár. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur (6.-10. bekk) á hverju ári.

Mælikvarðinn sem notaður er í Skólapúlsinum byggir á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna til staðhæfinga um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Því hærri sem kvarðinn er því sterkari er þátturinn í skólanum. Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Í matsvinnunni leggjum við áherslu á að nýta þau gögn sem fyrir hendi eru. Matsspurningarnar lúta því að starfi og viðhorfum þessara aðila að skólastarfinu.

2023 Matsspurningar – foreldrar

- Líður nemendum vel í skólanum?
- Er úrvinnsla eineltismála viðunandi?
- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?

Nám og kennsla

Foreldrar barna í Álftanesskóla eru jafnánægðir með nám og kennslu í skólanum (5,2) og aðrir foreldrar (5,1) á landinu. Staðhæfingar sem foreldrar merktu við voru:

- flestir kennarar virðast hæfir og metnaðarfullir
- skólaumhverfið er persónulegt og hlýlegt
- skólinn skapar góða umgjörð um nemendahópinn
- mikill kærleikur og gott andrúmsloft
- námslegum þörfum nemenda er mætt

Meirihluti foreldra (87,9%) eru ánægðir með stjórnun skólans sem er aðeins færri en á landsvísu (90,6%) og þá er meirihluti foreldra (82,5%) sammála um að þyngd námsefnis sé hæfileg sem er mjög svipað og á landsvísu (82,8%).

Meirihluti foreldra (67,6%) telja aga í kennslustundum vera hæfilegan en aðeins hærra hlutfall foreldra á landsvísu (71,0%) telja agann vera hæfilegan í skólanum. Foreldrar telja minnsta aga vera á miðstiginu.

Agi er mikilvæg forsenda fyrir virkni og árangursríkri tímastjórnun og nýtingu á kennslutímanum. Jákvæð tengsl eru milli aga í tímum og námsárangurs nemenda.

Velferð nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu en nauðsynlegt er að þetta fari saman, enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi.

Forvarnarstefna er hluti af skólanámskrá Álftanesskóla og tekur mið af aldri nemenda. Markmið með forvörnum er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri sjálfsmynd og lífsýn, góðri líðan nemenda og vinna gegn óæskilegri hegðun.

Á heimasíðu skólans má finna forvarnarstefnu skólans og áætlanir sem allar eiga að stuðla að velferð nemenda og vellíðan.

Markmið skólans er að skapa þær aðstæður að öllum líði vel við starf og leik. Til þess að svo megi verða þurfa samskipti einstaklinganna að einkennast af virðingu fyrir þeim réttindum og skyldum sem hver og einn hefur. Öll umgengni á einnig að bera vott um ábyrga hegðun og tillitssemi. Forvarnarfræðsla er samofin öllu starfi skólans.

Markmið stefnu skólans um forvarnir er:

- að byggja upp sjálfstæða einstaklinga
- að hvetja til hollra lífshátta og tómsunda
- að efla samstarf skóla og félagsmiðstöðvar
- að standa að virkri upplýsingaáætlun gagnvart nemendum, foreldrum/forráðamönnum og kennurum
- að miðla ýmsum fróðleik til foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans með bæklingum, blöðum o.fl.
- að halda fræðslufundi fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans, t.d. með fyrirlesturum
- að í frímínútum nemenda sé góð gæsla á skólalóð, nemendum skólans er skipt eftir stigum til að minnka fjölda nemenda á útisvæði samtímis og nýta betur leiktæki og leikvelli.

Samstarf við foreldra hefur mikið forvarnargildi. Mikilvægt er að samstarfið byggi á gagnkvæmri virðingu, trausti og ábyrgð. Við skólann starfar foreldrafélag sem hefur stutt skólann í ýmsum verkefnum tengt forvörnum. Sjá nánar um starf Foreldrafélags Álftanesskóla á heimasíðu skólans undir tenglinum *Foreldrar*.

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar viðtökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar og nemandi eru boðaðir í skólann til kynningar áður en kennsla hefst að hausti. Deildarstjóri fylgir nemandanum og foreldrum/forráðamönnum hans um skólann og kynnur þeim húsnæðið og umsjónarkennara ef hægt er. Nemandi og foreldrar/forráðamenn fá kynningarmöppu með ýmsum upplýsingum um skólastarfið. Skólinn starfar í nánu samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvar og skóla- og félagsþjónustu Garðabæjar.

Við skólann starfar nemendafélag skv. 10 gr. laga um grunnskóla (2008). Á hverju hausti kjósa nemendur í 8., 9. og 10. bekk 6 fulltrúa í stjórn nemendafélagsins. Tveir fulltrúar nemenda úr stjórn nemendafélags sitja í skólaráði.

Í hverjum námshópi eru starfandi bekkjafulltrúar úr röðum foreldra/forráðamanna, sem skipuleggja ýmsar uppákomur, s.s. bekkjakvöld, páskaþing o.fl.

Álftanesskóli leggur áherslu á hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. *Uppbygging sjálfsaga* leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. *Uppbygging sjálfsaga* hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjastjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Nemendur í Álftanesskóla eru hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann.

Bekkjafundir eru haldnir á yngsta- og miðstigi. Þeir eru vettvangur fyrir nemendur til að auka lýðsræðislega vinnu, víðsýni og sjálfspækingu og ræða margvísleg málefni. Lífsleikni- og umsjónartímar kennara eru fastir í töflu á elsta stigi sem er þeirra vettvangur til að ræða ýmis málefni, s.s. líðan, námið o.s.frv.

Á hverju hausti gerir hver bekkur sinn sáttmála; fer í gegnum mitt og þitt hlutverk o.fl. aðferðir Uppbyggingar. Á skólaárinu eru þrjú uppbyggingardagar (Kærleikar) þar sem unnið er með aðferðir „Uppeldi til ábyrgðar“. Ýmsir aðrir viðburðir eru haldnir til þess að stuðla að samkennd nemenda eins og jólaskemmtanir, árshátíð, öskudagsgleði, íþróttadagar, listadagar o.fl.

Skólinn tekur þátt í „Stóru upplestrarkeppninni“ og byrja nemendur að æfa sig á degi íslenskrar tungu 16. nóv. fram að lokahátíð sem oftast er í lok mars. Álftanesskóli hefur tekið þátt í Litlu upplestrarkeppninni síðan 2012 fyrst með skólum í Hafnarfirði en síðustu ár með skólum í Garðabæ.

Mat

Meðaltal hjá foreldrum er eins og hjá öðrum foreldrum á landinu er varðar ánægju með samskipti starfsfólks við nemendur (4,6) og lítil munur milli kynja og aldursstiga. Spurningarnar sem mynda matsþáttinn voru:

Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt.

- Umsjónarkennara
- Annarra kennara
- Annars starfsfólks

Í Skólapúlsinum voru foreldrar spurðir hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda og kemur fram að meirihluti foreldra (90,9%) voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir sem er mun hærra en á landinu (86,2%). Foreldrar á öllum stigum skólans telja skólann mæta vel þörfum nemenda, á yngsta stig (93,5%) og á

landinu (89,9%). Foreldrar á miðstigi (88,9%) og á landinu (85,2%) og einnig á elsta stigi er meirihluti foreldra (89,3%) sammála um að skólinn mæti vel þörfum þeirra en á landsvísu eru mun færri foreldrar nemenda á elsta stigi sem telja skóla síns barns mæta þörfum þeirra (82,5%). Meirihluti foreldra (89,2%) telur að börnum þeirra líði almennt vel í skólanum sem er sama hlutfall og á landsvísu (89,1%).

Líðan í kennslustundum	Foreldrar
Skólaárin – vor	2023
Skólinn	92,9%
Landsmeðaltal	89,5%

Í niðurstöðum úr spurningakönnuninni meðal foreldra um líðan nemenda í kennslustundum kemur fram að meirihluti (92,9%) foreldra telur að börnum þeirra líði vel í kennslustundum sem er hærra en á landsvísu (89,5%). Þegar niðurstöður um líðan í frímínútum eru skoðaðar eru þær svipaðar þar sem meirihluti (85,4%) foreldra telur að börnum þeirra líði vel í frímínútum sem er mjög svipað og á landsvísu (87,7%).

Umfang eineltis	Foreldrar
Skólaárin - vor	2023
Skólinn	12,0%
Landsmeðaltal	10,5%

Í niðurstöðum úr könnun meðal foreldra (12,0%) kemur fram að umfang eineltis er hærra en í öðrum skólum (10,5%). 33,3% foreldra sem málið varðar voru ánægðir með úrvinnslu eineltismála sem eru mun lægra en í öðrum skólum á landinu (52,4%). Foreldrar skólans voru óánægðari með úrvinnslu mála 2023 en í síðustu könnunum 2021 og 2019. Foreldrar eru síður ánægðir með eineltisáætlun Garðabæjar þar sem hlutfallið er 70,7% en landið 73,3%. Foreldrar telja að einelti eigi sér helst stað í frímínútum á skólalóð og í frímínútum innandyra.

Aðstaða og þjónusta

Umhverfi 21. aldarinnar er sibreytilegt vegna mikilla nýjunga á tækni og þekkingu. Þetta gerir þær kröfur til okkar framtíðar þjóðfélagsþegna að þeir verði færir um að takast á við skapandi störf sem krefjast frumkvæðis og gagnrýnnar hugsunar. Þess vegna leggur Álftranesskóli áherslu á skapandi starf og listgreinakenndu. Listgreinakenndu fer fram í vinnulotum í 1.–7. bekk og smíðjuvinnu með auknu vali á elsta stigi. Í Álftranesskóla er lögð áhersla á tónlistarkennslu í samstarfi við tónlistarskólann. Á miðstigi eru fjölgreinar í vinnulotum þar sem lögð er áhersla á mismunandi greinar, s.s. leiklist, hreyfingu, félagsfærni, sköpun, upplýsingamennt o.fl. Á yngsta- og miðstigi eru valfrelsis tímar þar sem nemendur geta valið um verkefni eftir áhuga.

Í skólanum er leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins og fram kemur í 2. grein grunnskólalaga. Stefnt er að því að mæta hverjum nemanda út frá hans eigin forsendum í takt við skilgreiningu skólans á hugtakinu námsaðlögun: Kennarinn kappkostar að koma með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Nemendur þurfa því ekki allir að vera að læra það sama á sama tíma.

Álftranesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingu gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu.

Markmið

Markmið Álftranesskóla er að nemendur:

- geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar tileinki sér góða umgengi við náttúruna og umhverfi sitt
- kynnist vel nánasta umhverfi sínu og láti sér annt um það

- verði meðvitaðir um það hversu mikið af rusli fellur til daglega
- taki virkan þátt í að fara vel með auðlindir og flokki úrgang til endurvinnslu og endurnýtingar

Í umhverfisnefnd Álftanesskóla sitja fulltrúar allra starfshópa í skólanum og að auki fulltrúar nemenda og foreldra.

Í öllum árgöngum er umhverfisfræðsla í einni eða annarri mynd oft samþætt öðrum verkefnum. Í skólanum er flokkaður pappír og lífrænn úrgangur er skilinn frá öðru í mótuneyti. Nemendur fara heim með nestisafganga og einnota drykkjarumbúðir. Áhersla er lögð á verkefnið "Göngum í skólann" og nemendur eru hvattir til að koma í skólann gangandi eða hjólandi og stuðla þannig að daglegri hreyfingu og auknu umferðaröryggi í kringum skólann með vistvænum ferðamáta.

Þegar spurt var um hversu ánægðir foreldrar væru með aðstöðu í skólanum er meðaltal hjá foreldrum (5,5) en landið (5,4). Spurningar sem mynda matsþáttinn ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum voru:

- aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum
- möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi
- aðgang nemenda að tölvum í skólanum
- aðbúnað í kennslustofum
- aðstöðu fyrir list- og verkgreinar
- aðstöðu til að matast
- aðstöðu til íþróttakennslu

Ánægja með aðstöðu í skólanum	Foreldrar
Skólaárin - vor	2023
Skólinn	5,5
Landsmeðaltal	5,4

Máltíðir

Meirihluti foreldra eru ánægðir með máltíðir (66,7%) í mótuneyti skólans sem aðeins minna en landið (71,1%). Meirihluti foreldra (79,5%) nýta sér mótuneyti skólans en það eru færri en á landinu (87,39). Helsta ástæða þess að aðrir foreldrar vilja ekki nota mótuneytið er matvæðni eða óánægja með matseðilinn.

Heimastuðningur

Foreldrar hafa trú á að þeir hafi getu til að hjálpa barni sínu í náminu (4,9), sama og landið (4,9). Foreldrar telja að börn þeirra leiti ekkert sérstaklega eftir þátttöku þeirra í náminu og er meðaltal skólans (4,7) en landið (4,1). Spurningarnar sem mynduðu matsþáttinn voru:

- ... fylgjast með heimanámi sínu
- ... mæta á viðburð í skólanum
- ... tala við kennarann sinn

Foreldrar barna í Álftanesskóla eru jafn virkir (4,9) og aðrir foreldrar (4,9) í námi barna sinna. Meir en helmingur þeirra aðstoðar börn sín daglega. Staðhæfingar sem foreldrar merktu við voru:

- hjálpa barninu við heimanámið
- ræði við barnið um hvenig það stendur sig í náminu
- nálgast námsgögn fyrir barnið (s.s. umsóknir, hugbúnað, námsvísa)
- ræði við barnið um hvernig tengja má það sem lært er í skólanum við daglegt líf
- ræði við kennara barnsins

Meirihluti foreldra barna (69,6%) í Álftanesskóla telja heimanámið hæfilegt sem er svipað og aðrir foreldrar í öðrum skólum (74,0%). Flestir foreldrar eða 46,2% verja 16-30 mín. á dag við að aðstoða börn sín við heimanámið og 26,9% verja 15 mín. eða minna á dag.

Flestir foreldrar gera miklar væntingar um menntunarstig barna sinna. Mesti munur á væntingum foreldra var til framhaldsnáms í háskóla þar sem fleiri foreldrar (86,7%) í Álfstanesskóla gerðu sér væntingar um að barn þeirra lyki framhaldsnámi í háskóla, en aðrir foreldra á landinu (75,9%). Á hinn bóginn voru einungis 5,0% foreldra sem höfðu væntingar um iðnnám en á landsvísu voru það 14,2% foreldra.

Aðgerðir til umbóta

Mikilvægt er að halda áfram að efla ábyrgð, samkennd og félagsfærni nemenda með bekkjarfundum, umræðu um samskipti og skólareglur. Vorið 2020 var tekin ný bygging í notkun sem í eru m.a. matsalur nemenda, skrifstofur, fundarherbergi, vinnurými kennara, sumarið og haustið 2023 var fyrsti áfangi skólalóðinnar tekin í gegn sem var kominn tími á, byrjað verður á áfanga 2 skólaárið 2023-2024. Haustið 2020 var að mestu leyti lokið við viðgerð á eldri byggingu skólans og skipt um glugga í nokkrum kennslustofum í þeim hluta. Í janúar 2023 kom í ljós mygla í húsnæði skólans og fór af stað mikil vinna við að uppræta hana og endurskipuleggja og fengum við tvær nýjar kennslustofur út úr þeirri vinnu.

Foreldrasamstarf

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 stendur m.a. í 8. gr. "Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald". Samkvæmt 18. gr. laganna skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og er þeim skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Einnig er kveðið á um samráð foreldra við skólann um skólagöngu barna sinna. Í 19. gr er rætt um ábyrgð foreldra á námi barna sinna og að þeim beri að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Í 27. gr. er rætt um rétt foreldra og nemenda á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og rétt þeirra á munnlegum skýringum og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er rætt um gagnkvæma og virka upplýsingagjöf og mikilvægi samvinnu heimila og skóla. Mikilvægt er því að skólinn hafi virkt upplýsingastreymi og stuðli að góðri samræðu milli skóla og heimila.

Stefna skólans er að það sé gott samstarf á milli heimilis og skóla og þar ríki traust á milli aðila. Í því felst að vera í góðu sambandi við foreldra, stuðla að því að forráðamenn séu vel upplýstir um starfsemi skólans og fái greinagóðar upplýsingar um þá þróun og viðburði sem eiga sér stað innan veggja skólans. Við skólann er bæði stafrækt foreldrafélag og skólaráð. Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið. Markmið foreldrafélagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna, meðal annars með umræðu- og fræðslufundum um skóla- og uppeldismál, fyrir forráðamenn, í samvinnu við skólann.

Í skólanum er starfandi foreldrafélag. Á hverju hausti velja foreldrar tvo fulltrúa úr hverjum bekk (bekkjafulltrúar). Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum samkomum þar sem hvatt er til samveru foreldra og barna og öðru hvoru eru haldnir fræðslufundir.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Jafnframt á skólaráð að fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til veggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra og einum fulltrúa grenndarsamfélagsins auk skólastjóra. Skólaráð fjallar ekki um einstök mál sem upp kunna að koma heldur einbeitt sér að stefnumótun og áherslum í skólastarfi.

Ýmsar upplýsingar koma fram í fréttabréfum (Fuglafit, rafrænt) og á heimasíðu skólans þar sem má finna fréttir af skólastarfinu, skólanámskrá og starfsáætlun skólans o.fl. Tölvupóstur er notaður til að senda foreldrum almennar upplýsingar um skólastarfið. Áhersla er lögð á að bjóða foreldrum á fundi á skólatíma t.d. snemma að morgni, til að kynna ýmis viðfangsefni nemenda. Námsviðtöl eru tvisvar á skólaárinu. Á haustin eru kynningarfundir þar sem skólastarfið er kynnt ásamt helstu markmiðum „Uppeldis til ábyrgðar”.

Kennarar nota Mentor til að skrá upplýsingar s.s. námsáætlanir/heimanám, senda póst og námsmat. Foreldrar hafa aðgang að skráningu síns barns og þar er að finna stundatöflur og nemendalista árganga.

Foreldrar geta skráð veikindi barna sinna í Mentor. Ef foreldrar þurfa að sækja um leyfi fyrir börn sín lengur en tvo daga þarf að senda tölvupóst til deildarstjóra. Umsjónarkennari hefur heimild til að veita leyfi til styttri tíma.

Mentor hefur það að markmiði að stuðla að reglulegri skráningu og miðlun upplýsinga sem nýtast vel í samskiptum kennara við nemendur og foreldra. Mentor á að auðvelda kennurum að halda utan um, skipuleggja og meta kennslu og námsárangur í tiltekinni námsgrein. Nemendur og foreldrar geta einnig fylgst með markmiðum, námsframvindu og árangri nemenda í Mentor.

Námsáætlun er skráð í Mentor og samsetning námsmats fyrir hverja námsgrein er kynnt fyrir foreldrum og nemendum í upphafi *annar* jafnhliða kynningu á námsmarkmiðum (námsáætlun).

Kennarar halda utan um skráningar á niðurstöðum ýmissa matsverkefna og prófa sem þeir leggja fyrir á skólaárinu og skrá niðurstöður mats ýmist í mentor eða google classroom.

Nemendum sem hefja nám í 1. bekk að hausti ár hvert er boðið í skólann nokkrum sinnum veturinn áður en þau hefja nám sitt í grunnskóla. Foreldrar/forráðamenn fá kynningu á skólanum að vori. Viðtöl eru svo við foreldra nemenda í 1. bekk að hausti. Öflugt samstarf hefur verið milli Álftanesskóla og leikskólanna, Brúum bilið. Fagstjóri í Álftanesskóla hefur séð um skipulag og samskipti við leikskólana. Í byrjun skólaársins er fræðsla fyrir foreldra barna í 1. bekk um lestrarnám, sem sérkennari sér um.

Á heimasíðu skólans má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið og þar eru einnig birtar tilkynningar um helstu viðburði innan skólans.

Markmið

Markmið Álftanesskóla er:

- Að efla samstarf heimilis og skóla að sameiginlegum markmiðum.
- Að þátttaka foreldra sé víðtæk og markviss.
- Að stuðla að virku upplýsingaflæði milli skóla og heimilis.
- Að foreldrar, nemendur, starfsmenn og aðrir séu vel upplýstir um starf skólans.
- Að upplýsingar séu sem mest rafrænar.

Mat

Í Skólapólsinum voru foreldrar spurðir um frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi og í þeim flokki voru m.a. staðhæfingar:

- ... hafði samband við mig (t.d. orðsendingu, símtal, tölvupósti)
- ... bað mig að fylgjast með heimanámi þess
- ... bað mig að ræða við það um skóladaginn
- ... bað mig að mæta á viðburði í skólanum

Í niðurstöðum kemur fram að frumkvæði kennara að mati foreldra var það sama og hjá öðrum kennurum á landinu, meðaltal skólans (4,8) og landsmeðaltal (4,8). Meira en helmingur foreldra (60,9%) telur sig hafa áhrif á ákvarðanir varðandi barn sitt sem er meir en á landsvísu (55,8%). Þegar spurt var um hvort leitað væri eftir tillögum frá foreldrum eða ábendingar teknar til greina þá er hærra hlutfall sem telja það vera eða 70,9% en á landsvísu 63,6%. Þá voru foreldrar spurðir um hvað þættir í skólastarfinu foreldrar hefðu áhrif á. Helstu þættir sem þeir telja sig hafa áhrif á eru: foreldrasamskipti, námshraði, agamál og tómsundastarf. Svipaðar niðurstöður eru á landsvísu. Þættir sem þeir vilja hafa áhrif á er helst áherslur í námsgreinum, námshraði og val á námsefni, aðrir þættir fá lítið vægi.

Meirihluti foreldra (98,8%) var ánægður með síðasta foreldraviðtal sem eru hærri niðurstöður en í öðrum skólum á landinu (93,2%). Í foreldraviðtali var m.a. rætt um framgang í námi, niðurstöður prófa, samskipti í bekknum og líðan barnsins.

68,4% foreldra telja sig eiga þátt í gerð námsáætlana með nemandum en á landsvísu eru töluvert færri foreldrar sem telja sig eiga þátt í gerð áætlana (58,0%). Meirihluti foreldra telur mikilvægt að gera námsáætlun með nemandanum (87,1%) sem er sama og á landsvísu (87,2%). Þá er 72,2% foreldra ánægðir með heimasíðu skólans sem er aðeins minna en á landsvísu (78,8%). Þá telur meirihluti foreldra (66,7%) sig vera vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá og er það svipað hlutfall og hjá öðrum foreldrum á landinu (69,7%).

Aðgerðir til umbóta

Halda þarf áfram að styrkja og efla samvinnu foreldra og skóla með því:

- að nýta sem mest það sem Mentor hefur uppá að bjóða
- að eiga samræðu um nám milli nemenda, foreldra og kennara t.d. gegnum Mentor, á haustfundum, fá foreldra í heimsókn og vera í góðum og reglulegum samskiptum við foreldra.

2023 Matsspurningar – foreldrar

- Líður nemendum vel í skólanum?
- Er úrvinnsla eineltismála viðunandi?
- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?

Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu

Sterkir þættir

- Foreldrar telja að börnum þeirra líði almennt vel í skólanum og kennslustundum og þá eru þeir ánægðir með nám og kennslu í skólanum. Þeir telja kennara vera hæfa og metnaðarfulla.
- Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.
- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans.

Veikir þættir

Leggja þarf áherslu á að:

- auka hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum
- skoða og vinna betur með agamál einstaka árganga

Stefnukort Álftanesskóli

„Uppeldi til ábyrgðar“

Ábyrgð, samvinna, virðing

Hlýlegt námsumhverfi og vellíðan nemenda

Skólasamfélagið	Stöðugar framfarir og árangur.	Nemendur upplifi öryggi og líði vel í skólanum.	Nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir.	Samstarf heimilis og skóla.
-----------------	--------------------------------	---	--	-----------------------------

Fjölbreytt og skapandi nám

Innra starf	Skapandi og fjölbreyttir kennsluhættir.	Skilvirkt og gott upplýsingaflæði.	Vistvænt og hvetjandi umhverfi.	Faglegt samstarf.
-------------	---	------------------------------------	---------------------------------	-------------------

Hlýlegt umhverfi og gott viðmót

Mannauður	Ánægðir starfsmenn sem hafa sjálfstæði.	Starfsmenn sem sýna ábyrgð í starfi.	Fjölbreytt starfsþróun.
-----------	---	--------------------------------------	-------------------------

Umhverfissjónarmið í rekstri og umgengni

Fjármál	Góð og hagkvæm nýting fjármuna.	Stuðla að vistvænum rekstri.
---------	---------------------------------	------------------------------

Allir eru einstakir